



## 1643. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal  
25.4.2018, kl. 11:30

### 1. Fundargerð 1642. fundar

Samþykkt.

### 2. Erindi Íslenskra getrauna vegna greiðslu árið 2017

Lagt fram erindi og yfirlit yfir greiðslur frá ÍG. Umræður.

### 3. Erindi FRÍ vegna Laugardalshallar

Lagt fram erindi frá þingi FRÍ um að æfingar sem falli sem minnst niður vegna viðburða í frjálsíþróttahöllinni. Umræður.

### 4. Erindi TBR vegna framtíðaraðstöðuþarfa félagsins

Lagt fram erindi Tennis- og badmintonfélags Reykjavíkur til borgarinnar um stöðu mála varðandi hugmyndir félagsins um byggingu tennishúss. Umræður.

### 5. Ungmennafélag Kjalnesinga – Íshökkíliðið Esja

Drög að bréfi ÍBR vegna yfirlýsingar félagsins lögð fram. Umræður. Framkvæmdastjóra og formanni falið að klára.

### 6. Erindi Afríkuliðsins vegna styrkjar

Samþykkt að styrkja liðið um þá upphæð sem nemur núverandi skuld þess við ÍBR.

### 7. Afmæli Fram

Félagið 110 ára, formaður ÍBR mun taka þátt í afmælishátíð 1. maí. Samþykkt að sæma Þór Björnsson gullmerki ÍBR.

### 8. Eurogym 2020

Stórt fimleikamót verður haldið í Reykjavík í júlí 2020 á vegum Fimleikasambands Íslands. Lagt fram til kynningar.

### 9. Landsmót UMFÍ

Lagt fram. Verður haldið með nokkuð breyttu sniði 12.-15 júlí á Sauðárkróki. Samþykkt að senda erindi á aðildarfélög ÍBR og hvetja til þátttöku.

### 10. Aðildarumsókn Frisbíggóffélags Reykjavíkur

Samþykkt með fyrirvara um endanlega samþykkt stjórnar ÍSÍ.

### 11. Önnur mál

- Þing HSÍ, verður nk. laugardag.
- Mannvirkjamál, umræður.

Fundi slitið kl. 12:50

Gígja Gunnarsdóttir, ritari